



Menningarsjóður Akureyrar 2023

Akureyrbær auglýsir eftir umsóknum í Menningarsjóð fyrir árið 2023.

Hægt er að sækja um í fjórum flokkum eftir því sem við á:

• Verkefnastyrkir

Verkefni sem efla menningarstarfsemi í sveitarfélaginu Akureyrbær. Styrkir eru að upphæð 80.000-400.000 kr. Einnig verður úthlutað tveimur styrkjum að upphæð 600.000 kr. til stærri verkefna í tengslum við Listasumar (7. júní-23. júlí) eða Akureyrvöku (25.-27. ágúst).

• Samstarfssamningar

Verkefni sem stuðla að fjölbreyttu menningarlífi í sveitarfélaginu. Hægt er að sækja um samstarf til tveggja eða þriggja ára í senn. Upphæðir samstarfssamninga geta verið á bilinu 100.000-600.000 kr.

• Starfslaun listamanna

Umsóknir skulu innihalda greinargóðar og hnitmiðaðar upplýsingar um fyrirhuguð verkefni á starfslaunatímabilinu, listferil og menntun. Árið 2023 eru veitt starfslaun að upphæð 2.700.000 kr. sem dreifast jafnt yfir 9 mánuði. Öllum sem hafa lögheimili í sveitarfélaginu Akureyrbær og starfa að öllu eða mestu leyti í sveitarfélaginu er heimilt að sækja um í eigin nafni.

• Sumarstyrkur ungra listamanna

Úthlutað verður 1-2 styrkjum til ungs og efnilegs listafólks á aldrinum 18-25 ára sem er í framhaldsnámi eða á leið í framhaldsnám í sinni grein. Markmiðið er að viðkomandi geti dregið úr sumarvinnu (júní-ágúst) með námi og þess í stað lagt stund á list sína bæði með æfingum og viðburðum. Upphæð hvers styrks er 600.000 kr. sem dreifist jafnt yfir mánuðina júní, júlí og ágúst. Á móti styrkjum mun viðkomandi halda viðburði á Listasumri og/eða Akureyrvöku, allt eftir nánara samkomulagi við forstöðumann atvinnu- og menningarmála og verkefnisstjóra menningarmála.

Skilafrestur allra umsókna er til og með 23. nóvember 2022.

Hagnýtar upplýsingar:

Allar nánari upplýsingar, reglur og samþykktir er að finna á heimasíðu Akureyrbæjar. <https://www.akureyri.is/is/mannlif/menning-sofn/menningarmal>



Sótt er um rafrænt í gegnum þjónustugátt Akureyrbæjar á www.akureyri.is. Athugið að einungis er hægt að opna umsóknina með íslykli eða rafrænum skilríkjum.

Nánari upplýsingar veitir Almar Alfreðsson verkefnastjóri menningarmála í netfanginu almara@akureyri.is

